

## Stjórnarfundur FASK

14. fundur 10. Feb 2022 kl 11:00

**Mættir: Haukur Ingi Einarsson, Laufey Guðmundsdóttir, Ágúst Elvarsson, Sigrún Sigurgeirsdóttir**

**Dagskrá: 14. Fundar 10. Feb 2022 kl 11:00**

### 1. Félagsfundur í aðdraganda að sveitarstjórnarkosningar 2022:

Samþykkt að boða til félagsfundar fljótlega eftir að framboðin hafa skilað inn listum fyrir kosningar. Þar sem framboðin verða boðuð til að taka þátt í fundinum.

Drög að dagskrá

- Mikilvægi ferðaþjónustu fyrir samfélagið A-Skaft - kynning á skýrslu SASS um vægi ferðaþjónustu fyrir SVH
- Framtíðarsýn ferðamála í SVH - Skipulagsmál - Upplýsingamiðstöð - Sýning

### 2. Námskeið - Hugmynd að nýju námskeiði vor önn 2022

Lagt til að halda næst námskeið í haust 2022. Samþykkt samhljóða

### 3. Undirbúningur Aðalfundar vor 2022

Eftirfarandi var bókað frá síðasta aðalfundi og þarf að útfæra í samræmi við þá bókun.

*Rætt var um að breyta þrennu er varðar kosningu á aðalfundi, annarsvegar að óskað verði eftir tillögum í stjórn a.m.k viku fyrir aðalfund og að varamönnum verði fækkað úr þremur í einn. Einnig var rætt um mismun á kosningu endurskoðendum og skoðunarmönnum. Þessu þrennu beint til núverandi stjórnar. Samþykkt að Sigurjón Örn Arnarsson verði kosinn endurskoðandi.*

1. Skýrsla stjórnar ásamt félagaskrá
2. Ákvörðun um árgjald
3. Ársreikningur
4. Lögð fram starfsáætlun næsta árs.
5. Kosning stjórnar og tveggja endurskoðenda
6. Önnur mál.

Samþykkt að gera breytingatillögu að lögum í samræmi við síðasta aðalfund og leggja fyrir næsta aðalfund. Rætt var um að halda næsta aðalfund 6. Apríl var um að bæta við breytingum á lögum félagsins og kynna á næsta fundi sem halda á 6 apríl

#### **4. Upplýsingar um störf Markaðsstofu Suðurlands og Stjórnar VJÞ**

Ágúst gerði grein fyrir helstu störfum Markaðsstofu Suðurlands, m.a upplýsingar um fréttafloftun af landshlutunum. Gerði hann grein fyrir að næsti fundur stjórnar VJÞ verði haldinn á Höfn í kringum 22. Febrúar n.k.

#### **5. Upplýsingar um störf Svæðisráðs VJÞ - Suðursvæði**

Laufey gerði grein fyrir að hefðbundin störf þjóðgarðsins, verið væri að vinna að því að laga orðalag vegna nýrra svæða inn í þjóðgarðinn, Hoffellslambatungur, Sandfell, Háöldu, einnig að verið væri að undirbúa gjaldtöku fyrir atvinnuleyfi. Einnig gerði hún grein fyrir því að verið væri að undirbúa útboð á leyfi ferðavagna við Jökulsárlón.

#### **6. Upplýsingar um störf SELF - Laufey kynnir þau störf sem SELF hefur unnið að undanfarin tvö ár**

Laufey gerði grein fyrir helstu störfum SELF. M.a að öllum líkindum verður framhald á viðspyrnu styrkjum út maí 2022.

#### **7. Fundur með ráðherra ferðamála - Kynning á dagskrá og áframhaldandi hugmyndavinna.**

Gert grein fyrir því að fundurinn frestir fram í apríl n.k

#### **8. Önnur mál.**

Engin önnur mál.